

Kynusli í kirkjunni

Hinsegin samhengi, mannréttindi og trans Jesús

Grein þessi skiptist í þrjá meginkafla. Í þeim fyrsta er fjallað um umdeilda myndbirtingu á vegum fræðsludeildar íslensku þjóðkirkjunnar haustið 2020 og er sú umfjöllun fléttuð saman við gagnrýni á gagnstæðukynjahyggju sem liggur til grundvallar kristnum skilningi á kynferði, kynhneigð og kynvitund. Í miðhlutanum er fjallað um félagslegt samhengi myndbirtingarinnar og sjónum beint að mannréttindabaráttu hinsegin fólks ásamt nýlegum íslenskum lögum um kynrænt sjálfræði. Í síðasta hlutanum eru svo viðbrögð tveggja íslenskra guðfræðinga og fræðimanna við myndinni tengd hinsegin samhenginu en líka kristinni orðræðu í samtíma okkar um mikilvægi þess að leyfa samhenginu að hafa áhrif á guðfræðina.

Trans Jesús og hugmyndafræði gagnstæðukynjahyggjunnar

Í byrjun september 2020 birtist mynd á Facebook-síðu þjóðkirkjunnar og víðar sem sýndi Jesú sem hoppandi kátan einstakling með farða, brjóst og skegg. Myndbirtingin vakti mikla athygli í samfélaginu og skapaðist talsverð umræða um hana. Sýndist þar sitt hverjum, eins og vænta mátti, sumum fannst þetta áhugavert framtak en öðrum fannst það aftur á móti forkastanlegt. Svo fór að biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, baðst afsökunar á myndbirtingunni sem hún sagði að hefði greinilega sært trúarvitund fólks. Vefmiðillinn *mbl.is* hafði samband við Pétur G. Markan samskiptastjóra þjóðkirkjunnar út af myndbirtingunni og fórust honum svo orð:

Hugmyndin að myndefninu er að fanga samfélagið sem við öll viljum tilheyra; réttlátt, fordómalaust og kærleiksrikt umhverfismiðað samfélag sem einblínir á kærleiksboðskap Jesú Krists í stað þess að hengja sig í hvers kyns hann hafi verið. Það skiptir ekki máli. Kannski var hann eftir allt saman „non-binary“¹ trans Jesús eða kona. Það bara skiptir engu máli. Það sem skiptir máli er kærleikurinn og hvernig hann sífellt lagði lögmálið til hliðar og einblíndi á kærleikann, mannvirðingu og einingu allra í andanum.²

Eins og orð Péturs bera skýrt með sér var Jesúmyndinni³ haustið 2020 hvorki ætlað að endurspeglar sögu né samtíð. Fremur má líta á hana sem siðferðilega draumsýn um framtíðarsamfélag þar sem kynjabreytan hefur ekki áhrif á lífsgæði fólks. Líka má

¹ Hugtakið *non-binary* hefur verið þýtt sem *kynsegin* á íslensku og útskýrt svo að það sé regnhlífarhugtak yfir alla þá sem skilgreina sig utan kynjakassanna tveggja (kona/karl). Stephanie Brill og Rachel Pepper, *Transbarnið: Handbók fyrir fjölskyldur og fagfólk*, þýð. Trausti Steinsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2019, bls. 24.

² Pétur Markan, „Jesús með brjóst á forsiðu kirkjunnar“, *mbl.is*, 4. september 2020, sótt 13. september 2020 af: https://www.mbl.is/folk/frettir/2020/09/04/jesus_med_brjost_a_forsidu_kirkjunnar/?fbclid=IwAR0dywPGPHM AXQhYvm00VQw0bFdOtwRmJZbcUaSKbdTGQ1m-83ClpDO2o4.

³ Eins og fram kemur hér að ofan birtist myndin á Facebook-síðu íslensku þjóðkirkjunnar. Ljóst er að hún var unnin af ákveðnum hópi fólks sem starfar m.a. á fræðsludeild þjóðkirkjunnar. Ég mun ekki skilgreina kirkjuhugtakið í hvert sinn sem það kemur fyrir í þessari grein heldur á það að skýrast af samhenginu í hvaða aðila er verið að vísa hverju sinni.

hugsa sér annars konar svar en þá verður að setja upp tvískipt *kynjafræðileg* og *kynfræðileg* gleraugu. Það sem þau gleraugu myndu skerpa á er að myndinni sé ætlað að hrista upp í því sem kalla má gagnstæðukynjahugmyndafræði en hún byggist á forsendunni að mannkynið skiptist í tvö andstæð og ólík kyn: karlkyn og kvenkyn. Innifalið í því er að hin ólíku kyn hneigist kynferðislega hvort að öðru.

Dæmi um slíka hugsun birtist í hirðisbréfi biskups Íslands fyrir tuttugu árum en þá var nýlega hafin umræða í samfélaginu um möguleikann á viðurkenningu kirkjunnar á hjónabandi milli tveggja einstaklinga af sama kyni.⁴ Karl Sigurbjörnsson biskup, höfundur hirðisbréfsins, taldi öll tormeiki á þeim möguleika og beitti hugtökum eins og „gagnkvæmni kynjanna“ og „samfellu andstæðnanna“ í röksemdafærslu sinni. Þar studdist hann við langa, guðfræðilega túlkunarhefð en guðfræðingar hafa löngum túlkað hjónabandið, forsendur þess, eðli og inntak á svipaðan hátt. Þar á meðal má nefna einn þekktasta guðfræðing tuttugustu aldar í Evrópu, Karl Barth, en hann gekk lengra en flestir og hélt því fram að karlmaðurinn og konan í tengslum sínum í hjónabandinu endurspegluðu sköpun mannsins í Guðs mynd. Með öðrum orðum, aðeins sem þessi kynjatvennd væri manneskjan fullkomin sköpun Guðs. Hvort í sínu lagi höfðu kynin ekki jafna stöðu í samfélaginu, karlmaðurinn skyldi vera leiðandi aðilinn í hjónabandinu og konan honum undirgefin. Kynið var afgerandi þáttur og á grundvelli þess var kynjunum úthlutað mismunandi stöðu í samfélaginu. *Kynjamismunur* var grundvöllur *kynjamismununar*.⁵

Í hirðisbréfinu frá 2001 er vissulega ekki tekið undir stigveldishugmynd Barths en því fastar er haldið í kynjaandstæðuhugmyndina. Það mátti m.a. sjá í eftirfarandi orðalagi: „„Guð skapaði manninn eftir sinni mynd“, segir í bókinni helgu, „hann skapaði þau karl og konu. Og Guð blessaði þau.“ (1Mós 1.27–28) Í þessari gagnkvæmni kynjanna og samfellu andstæðnanna er hjónabandið fólgið, þau tvö verða eitt, einn maður, eitt í vilja og verki, ást og trú.““⁶

Víkjum aftur að trans Jesúmyndinni. Eins og áður sagði hlaut hún mjög misjöfn viðbrögð. Fjöldi manns varð hverft við og upplifði hana sem árás á trú þeirra og kirkju. Einstaklingar úr hópi sóknarnefndarfólks sögðu sig frá starfi í söfnuðum, messubjónustu og jafnvel úr kirkjunni vegna hennar. Biskupinn var sagður hafa sýnt dómgreindarskort og einhverjir kröfðust afsagnar hans. Gagnrýnin var af ýmsum toga. Sumir gagnrýndu að ekki skyldi hafa farið fram samtali um mismunandi Jesúmyndir innan safnaðanna áður en til myndbirtingarinnar kom sem hefði hugsanlega getað undirbúið fólk undir það sem koma skyldi. Öðrum þótti óviðeigandi að trans Jesús skyldi kynntur í barnastarfi kirkjunnar, betur hefði farið á því að gera það í fermingar- eða fullorðinsfræðslu. Almennt var svo talað um skort á samtali og samráði sem skýrt gæti hversu yfirgnæfandi neikvæð viðbrögðin við myndinni voru í samfélaginu.

Hér skal það tekið skýrt fram að greinarhöfundur hefur ekki í hyggju að fjalla nánar um viðbrögðin í íslensku samfélagi eftir að myndin af trans Jesús birtist. Ekki verður leitast við að byggja upp „með og á móti“ umfjöllun þar sem öndverðar skoðanir og viðbrögð kirkjufólks eru leidd fram með hlutlausum hætti. Allt annars konar leið er

⁴ Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar: Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001.

⁵ Karl Barth, *Die Kirchliche Dogmatik 1*, Zürich: Evangelischer Verlag, A.g., Zollikon, 1946, bls. 169–170.

⁶ Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar*, bls. 154–155. Það er kunnara en frá þurfi að segja að femínískir fræðimenn, þ.a.m. guðfræðingar, hafa gagnrýnt gagnstæðukynjahugmyndafræðina. Umfjöllun um þá gagnrýni á þó ekki heima hér.

farin hér en hún gengur út á að taka umræðuna sem spannst um trans Jesú og nýta sem viðspyrnu til að varpa nokkru ljósi á samhengi guðfræðilegrar og siðfræðilegrar samtímaorðræðu um hinsegin fólk og mannréttindi. Umræðan um hinsegin fólk og mannréttindi er auðvitað löngu hafin, innan kirkju sem utan, hérlendis sem erlendis, og hafa fjölmargir guðfræðingar lagt sitt af mörkum til hennar. Eitt dæmi um það er höfundur þessarar greinar en fjölda greina um málefni hinsegin fólks sem tengjast mannréttindum má finna í bókinni *Ást, kynlíf og hjónaband* frá 2008.⁷

Fyrir rúmum átta árum benti ég síðan á að kirkjur víða um heim stæðu frammi fyrir vali sem snerist um það hvort þær treystu sér í róttæka endurskoðun á gagnkynhneigðarhyggjunni sem sett hefði mark sitt á kristna trúarhefð um aldir en þessi hyggja hefur litað kynja-, hjónabands-, fjölskyldu- og kynlífsskilning hennar með afdrifaríkum hætti.⁸ Árið 2012, þegar greinin var rituð, voru liðin tvö ár frá því að íslenska þjóðkirkjan samþykkti að einstaklingum af sama kyni skyldi heimilt að ganga í heilagt hjónaband og fylgdi hún þar í fótspor sænsku kirkjunnar (2009). Þar var stigið stórt skref en þó án þess að fram færi gagnger endurskoðun á ríkjandi gagnkynhneigðarhyggju kirkjunnar.

Hugtakið gagnkynhneigðarhyggja, sem ég nota í greininni frá 2012, er þýðing á enska orðinu *heteronormativity* en það má skilja sem það viðhorf að kynin séu aðeins tvö, þau hneigist kynferðislega hvort að öðru og þessi tvennd sé undirstaða eðlilegrar kynvitundar (e. *gender identity*) ásamt því að vera grundvöllur eðlilegra tengsla kynjanna. Gagnstæðukynjahugtakið, sem ég vel að nota í þessari grein, lýsir hliðstæðu viðhorfi en þó er viss blæbrigðamunur. Það vísar til annars ensks hugtaks, reyndar tveggja, sem oft eru notuð innan kynjafræði. Þetta eru hugtökin *two-sex model* og *opposite sex model*.⁹ Munurinn á þessum hugtökum er sá að í umræðunni um hjónaband samkynhneigðra lá megináherslan á sínum tíma yfirleitt á *kynhneigð* (e. *sexual orientation*) en á síðari árum er *kynvitund* (e. *gender identity*) mun meira áberandi, ekki síst í tengslum við málefni trans fólks og intersex fólks. Í greininni frá 2012 var *samkynhneigð* hins vegar í brennidepli og þá lýsti ég vandamáli gagnkynhneigðarhyggjunnar svo:

Í vestrænum, karllægum hugmyndaheimi þar sem gagnkynhneigðarhyggja er ríkjandi viðmið er öllum einstaklingum skipt í tvo hópa á grundvelli kynferðis. Frá fæðingu eru allir einstaklingar flokkaðir annaðhvort karlkyns eða kvenkyns og gagnkynhneigð er talin hin eðlilega og heilbrigða kynhneigð. Samkynhneigð er þekkt undanteking frá þessari reglu. Samkvæmt viðhorfi gagnkynhneigðarhyggju er hún afbrigðileg sem hindrar þó ekki að hún geti verið félagslega samþykkt að einhverju leyti. Mun afbrigðilegri er þó talin tvíkynhneigð og tilvist transfólks yfirleitt. Þetta dæmigerða viðhorf í garð svokallaðs hinsegin fólks, þ.e. fólks sem ekki upplifir sig sem gagnkynhneigt, gengur út frá þeirri forsendu að grunnur sjálfsmyndar manneskjunnar tengist náíð kynferði hennar og kynhneigð og þetta tvennt, kynferði og kynhneigð, er álitð vera fasti fremur en breyta.¹⁰

Greinin frá 2012 snerist um að færa rök fyrir því að kirkjan þyrfti að taka ákveðin skref og endurskoða hefðbundinn kynjaandstæðuskilning. Rökin fyrir því voru siðferðileg og byggðust fyrst og fremst á því að fordómar, mismunur, jaðarsetning og ofbeldi gegnsýrðu veruleika hinsegin fólks víðast hvar í heiminum sem hefði mikil

⁷ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, Reykjavík: Salka, 2008.

⁸ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kynhneigð í krísu: Kirkjan, hinsegin fólk og mannréttindi“, *Ritid: Tímarit Hugvísindastofnunar*, 12:2/2012, bls. 55–76.

⁹ Dæmi um fræðimann sem styðst við hugtakið *two-sex model*, og þá jafnan sem andstæðu við *one-sex model*, í kynjafræðilegri umræðu, er Thomas Laqueur í bókinni *Making Sex: Body and Gender from the Greeks to Freud*, Cambridge, Massachusetts og London: Harvard University Press, 1990.

¹⁰ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kynhneigð í krísu“, bls. 56–57.

og neikvæð áhrif á heilsu þess, öryggi og velferð. Sérstök áhersla var lögð á það að orsakanna fyrir þessu væri ekki síst að leita í hefðbundnum, kristnum mannskilningi, eins og til dæmis þeim sem Karl Barth og fleiri þekktir guðfræðingar stóðu fyrir.

Ýmsar spurningar voru settar fram í greininni frá 2012 sem enn bíða svars. Ein þeirra snýst um kristinn mannskilning og sýn íslensku þjóðkirkjunnar á manneskjuna sem kynveru. Önnur varðar það hvort íslenska þjóðkirkjan þekki stöðu trans fólks og hafi markað siðferðilega afstöðu til þess. Á vissan hátt má segja að svar við síðari spurningunni birtist í myndbirtingunni umræddu og sé að mörgu leyti fólgið í orðum Péturs Markan í viðtalinu við vefmiðilinn *mbl.is* sem áður var nefnt. Í viðtalinu fór Pétur vissulega ekki djúpt ofan í málefni trans fólks heldur virtist gera ráð fyrir að fólk skildi hvað hann ætti við. Myndin, sagði hann, ætti að vísa til hins góða og réttláta samfélags — samfélags sem allir þráðu, samfélags þar sem kynferði einstaklinga skipti engu máli. Flækjustigið hvað myndbirtinguna varðaði var þó greinilega hærra en Pétur gerði ráð fyrir! Hvernig tengist trans Jesús samfélagslegu réttlæti? Hvenær skiptir kyn máli og hvenær skiptir það ekki máli? Ef viðurkenning á kynvitund skiptir trans fólk og intersex fólk öllu máli hvernig getur þá kynferði Jesú ekki skipt neinu máli? Allt voru þetta spurningar sem ekki hlutu nægjanlega skýr svör ef marka má þau neikvæðu viðbrögð sem urðu í samfélaginu. Það eru þó ekki viðfangsefni greinarinnar eins og áður er fram komið. Ég lét staðar numið hér hvað varðar að velta upp ýmsum flötum varðandi myndbirtinguna og sný ég mér í næsta kafla að því sem kalla má víðara samhengi myndbirtingarinnar þar sem leitast verður við að útvíkka umræðuna um trans Jesú og um leið dýpka skilninginn á henni. Það geri ég með því að vísa annars vegar til mannréttindabaráttu hinsegin fólks, sem staðið hefur allengi, og hins vegar til nýrrar, íslenskrar lagasetningar um kynrænt sjálfræði en á hvort tveggja má líta sem nauðsynlegar bakgrunnsupplýsingar og forsendu skilnings á myndinni af trans Jesú haustið 2020.

Kynverundarréttindi og hinsegin samhengið

Eitt af því sem mikilvægt er að þekkja til í hinu fjölskrúðuga kynjasamhengi sem við búum við nú um stundir er framsetning kynverundarréttinda (e. *sexual rights*) en tilgangur þeirra er siðferðilegur og pólitískur í senn og felst í að standa vörð um manneskjuna sem kynveru. Þeir sem lagt hafa þessari baráttu lið halda því fram að með því að tengja kynverund (e. *sexuality*) mannsins við mannréttindi sé leitast við að skapa öllum manneskjum, án undantekningar, rými, öryggi og frelsi á sviði kynverundar. Til að ná því takmarki má allra síst undanskilja þá sem er mismunandi á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar eða óvenjulegrar kyntjáningar.¹¹ Til að gera langa sögu stutta hafa fjölmargir aðilar um allan heim unnið að þessu verkefni um tveggja áratuga skeið eða svo. Þar á meðal má nefna Alþjóðleg fræðslusamtök

¹¹ Kynverundarréttindunum hefur verið haldið á loft af stofnunum og frjálsum félagasamtökum frá árinu 1999 þegar þau voru fyrst kynnt af Alheimssamtökum um kynheilbrigði (WAS). Dæmi um það er Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna sem birti réttindin í skýrslum sínum 2004 og 2006. Þau voru slípuð lítillga á árunum sem í hönd fóru og árið 2008 birtu bæði WAS (*World Association for Sexual Health*) og IPPF (*International Planned Parenthood Federation*) yfirlýsingar um þau í skýrslum sínum.

um kynlíf og barneignir (IPPF)¹² ásamt Alheimssamtökum um kynheilbrigði (WAS),¹³ auk fleiri frjálsra félagasamtaka.

Í yfirlýsingu IPPF-samtakanna var sett fram siðferðileg krafa um að nauðsyn bæri til að umfaðma hin valdalaus og jaðarsettu sem líða og þjást vegna kynverundar sinnar og var þetta útfært í tíu liðum. Til grundvallar framsetningunni liggur Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og margar greinar hennar, s.s. rétturinn til lífs, frelsis, öryggis og friðhelgi, óháð kynferði, aldri, kyngervi, kynvitund, kynhneigð og hjúskaparstöðu. Siðferðilegt gildi jafnréttis og frelsis er áréttað ásamt mikilvægi þess að þeir sem málið snertir taki þátt í umræðunni. Rétturinn til einkalífs er sagður grundvöllur sjálfræðis í kynlífi en kynlífsfrelsi takmarkist þó ætíð við ramma gildandi laga. Réttur til frjálsrar hugsunar, skoðunar, tjáningar og félagafrelsis sem varðar hugmyndir um kynverund, kynhneigð, kynvitund og kynverundarréttindi er meginmál yfirlýsingarinnar. Kynheilsa er tengd þörfum jaðarsettra einstaklinga og hópa og bent á rétt allra til menntunar og upplýsinga um eigin kynverund og frjósemi. Þá hafi allir rétt til að ákveða hvort þeir gangi í hjónaband, stofni fjölskyldu eða eignist börn.¹⁴

Hvað Alheimssamtök um kynheilbrigði (WAS) áhrærir hefur þróunin verið mjög svipuð og hjá Alþjóðlegum fræðslusamtökum um kynlíf og barneignir (IPPF). Kynverundarréttindin voru þróuð, slípuð til og uppfærð og sögð nauðsynleg til að hægt væri að öðlast bestu mögulegu kynheilsu en kynverundin er skilin sem mikilvægur liður í því að vera manneskja, mannlegur þáttur sem geti bæði verið uppspretta gleði og ánægju en líka vanlíðunar og vanheilsu. Rétturinn til að tjá eigin kynverund er sagður lykillinn að góðri kynheilsu og grunnur að farsæld samfélaga. WAS lagði áherslu á að kynverundarréttindin byggðust á frelsi, mannlegri reisn og jafnræði allra manneskja og fælu í sér vörn gegn skaða en það væri jafnframt skylda ríkja að vernda þegna sína gegn skaða. Virðing og viðurkenning á kynverundarréttindum væru besta verkfærið til þess.¹⁵

Frá því að fyrst var farið að þróa kynverundarréttindin upp úr síðustu aldamótum hefur mikið vatn runnið til sjávar í mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Meðal þess sem má nefna í því samhengi er vinna á vegum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna sem birtist í skýrslu frá 2012 sem kallast „Born Free and Equal: Sexual Orientation and Gender Identity in International Human Rights Law“ en í henni er mismunur og ofbeldi í garð hinsegin fólks víða um heim rakið og öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hvött til að takast á við orsakavaldana sem sagðir eru fjölmargir.¹⁶ Einn þeirra þátta sem viðheldur ríkjandi ástandi er gagnstæðukynjahugmyndafræðin sem tengist náíð trúarlegum hefðum og hugmyndafræði. Þar er hin kristna trúarhefð sannarlega ekki undanskilin.

¹² „Sexual Rights: An IPPF Declaration“ [Kynverundarréttindi: Yfirlýsing IPPF], *International Planned Parenthood Federation*, sótt 25. nóvember 2020 af:

<https://www.ippf.org/resource/sexual-rights-ippf-declaration>.

¹³ „Declaration of Sexual Rights“ [Kynverundarréttindi WAS], *World Association for Sexual Health*, sótt 25. nóvember 2020 af:

<https://worldsexualhealth.net/wp-content/uploads/2013/08/Declaration-of-Sexual-Rights-2014-plain-text.pdf>.

¹⁴ „Sexual Rights: An IPPF Declaration“.

¹⁵ „Declaration of Sexual Rights“.

¹⁶ „Born Free and Equal: Sexual Orientation and Gender Identity in International Human Rights Law“, *United Nations Human Rights Office of the High Commissioner*, sótt 24. október 2020 af:

<https://www.ohchr.org/documents/publications/bornfreeandequalwres.pdf>. Þessi skýrsla SD byggist m.a. á samþykkt mannréttindaráðs SD í Genf, nr. 17/19 frá árinu 2011.

Mannréttindaráðið bendir á fimm mikilvægar aðgerðir sem séu forsendur bættrar samfélagsstöðu hinsegin fólks. Í fyrsta lagi verði að auka vernd gegn ofbeldi af öllu tagi. Ýmsar leiðir eru lagðar til, s.s. lagasetningar, breytt verklag lögreglu og ekki síst mótun mannúðlegrar stefnu í málefnum hælisleitenda sem oft neyðast til að flýja heimalönd sín af orsökum sem tengjast kynverund þeirra.

Í öðru lagi verði að fyrirbyggja pyntingar og ómannúðlega meðferð á hinsegin fólki í varðhaldi. Rannsaka þurfi öll mál sem upp komi í fangelsum og leiða þau til lykta. Í þriðja lagi hvetur mannréttindaráðið til afnáms laga sem geri samkynhneigð að glæpsamlegu athæfi og hvetur aðildarríkin til að afgangavæða allt kynlíf milli sjálfráða fólks.

Í fjórða lagi er lagt til að banna alla mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar og tryggja hinsegin fólki aðgang að heilsugæslu og félagsþjónustu eins og öllum öðrum þegnum ríkisins. Síðasta atriðið sem mannréttindaráðið leggur áherslu á er að ríki tryggji tjáningarfrelsi og samkomufrelsi hinsegin fólks en slíkt sé til þess fallið að draga úr ofbeldi gegn því.¹⁷

Að lokum vil ég nefna nýlegt dæmi um stöðuna hvað varðar mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Það er viðbótarskýrslan *Yogyakarta Principles, Plus 10* frá 2017 en í henni er níu nýjum greinum bætt við þær greinar sem birtust í áður útgefinni skýrslu frá 2007.¹⁸ Segja má að tilefni viðbótarinnar hafi verið viðurkenning á því að með fyrri mannréttindayfirlýsingum eða skýrslum hafi ekki tekist að umfaðma nægjanlega vel hinsegin margbreytileikann, ekki síst alvarlega reynslu trans fólks og intersex fólks. Eitt yfirlýst markmið nýju viðbótarinnar er að beita svokallaðri samtönnun og reyna með því móti að endurspeglar margbreytileika hinsegin fólks. Fjöldi sérfræðinga kom að gerð viðbótarskýrslunnar en ólíkt því sem áður hefur þekkt var fulltrúum bæði trans og intersex fólks boðið að taka þátt í vinnslu hennar. Hér má því segja að baráttusetningin „ekkert um okkur án okkar“ hafi verið höfð að leiðarljósi en það merkir að ekki skuli teknar mikilvægar ákvarðanir um hagsmunamál minnihlutahópa nema fulltrúar þeirra séu hafðir með í ráðum.

Ýmislegt má nefna í 2017-viðbótarskýrslunni sem er mikilvæg viðbót við margar áður fram komnar mannréttindayfirlýsingar í þágu hinsegin fólks. Þar ber hæst bann við ónauðsynlegum aðgerðum á kynfærum intersex fólks án samþykkis hlutaðeigandi en þeirri reglu er ætlað að virka sem hvatning fyrir öll ríki heims um að vernda líkamlegt sjálfræði og friðhelgi intersex fólks með lögum. Fyrsta ríkið í heimi til að setja slík lög var Malta (2015) en Ísland hefur nýlega slegist í hóp framsækinnar ríkja á þessu sviði með nýrri löggjöf um kynrænt sjálfræði. Lítum næst á þau.

¹⁷ „Born Free and Equal“, bls. 13.

¹⁸ „Yogyakarta Principles: Principles on the Application of International Human Rights Law in Relation to Sexual Orientation and Gender Identity“, *UNAIDS*, mars 2007, sótt 22. september 2020 af: https://data.unaids.org/pub/manual/2007/070517_yogyakarta_principles_en.pdf og „Yogyakarta Principles, Plus 10: Additional Principles and State Obligations on the Application of International Human Rights Law in Relation to Sexual Orientation, Gender Identity, Gender Expression and Sex Characteristics to Complement the Yogyakarta Principles“, *The YOGYAKARTA PRINCIPLES*, nóvember 2017, sótt 22. september 2020 af: http://yogykartaprinciples.org/wp-content/uploads/2017/11/A5_yogyakartaWEB-2.pdf.

Lög um kynrænt sjálfræði á Íslandi

Lög um kynrænt sjálfræði tóku gildi hér á landi þann 6. júlí 2019 en þau kveða á um að sérhver einstaklingur hafi rétt til þess að skilgreina kyn sitt sjálfur.¹⁹ Þessi lög má skilja sem rökrétt framhald af þeirri réttindabaráttu sem átt hefur sér stað undanfarin ár og þau byggjast á þekkingu á því að langtum meiri fjölbreytni ríkir varðandi kyn og kynvitund en hin hefðbundna tvískipting í karlkyn og kvenkyn gefur til kynna. Sú viðtekna tvískipting nær, þegar allt kemur til alls, ekki yfir öll tilbrigði kyns og kynvitundar einstaklinga. Skýr dæmi um þetta eru trans fólk og intersex fólk. Þetta merkir með öðrum orðum að gagnstæðukynjahugmyndafræðin, sem títt er nefnd í þessari grein, sé ekki altæk þegar kynferði barna er ákvarðað.

Í fyrstu grein laganna kemur fram að löggjöfinni er ætlað að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi og miðar hún að því að tryggja að kynvitund alls fólks njóti viðurkenningar (1. gr.). Þetta er betur útskýrt í þriðju greininni þar sem stendur:

Sérhver einstaklingur nýtur [...] óskoraðs réttar til:

- a. að skilgreina kyn sitt,
- b. viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu,
- c. að þroska persónuleika sinn í samræmi við eigin kynvitund,
- d. líkamlegrar friðhelgi og sjálfræðis varðandi breytingar á kyneinkennum.

Í september 2020 voru gerðar lítilsháttar breytingar á lögnum á Alþingi. Af því tilefni voru löginn sett í samráðsgátt stjórnvalda en þangað gátu aðilar sem létu sig málefnið varða sent ábendingar. Í umsögn frá Trans Íslandi, félagi trans fólks á Íslandi, skrifar Uglá Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir:

Samfélagslegar hugmyndir um kyn hafa breyst mikið á undanförunum áratugum og eru lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 og fyrirhugaðar breytingar á öðrum lögum hér í kjölfarið mikilvæg skref til að endurspeglar þá þróun og vitundarvakningu sem hefur átt sér stað í samfélaginu. Kynsegin fólk eða annað fólk sem fellur ekki að hefðbundnum hugmyndum um kynvitund þurfa að njóta réttinda og verndar í hvívetna og eru þessar [breytingar] því mikilvægar til þess að lög um kynrænt sjálfræði virki sem skyldi. Trans Ísland [fagnar] þessu tímabæra skrefi sem undirstrikar að Ísland vill vera í fararbroddi þegar kemur [að því] að tryggja öllum kynjum jöfn réttindi gagnvart lögum.²⁰

Þegar myndbirting þjóðkirkjunnar af Jesú sem trans einstaklingi haustið 2020 er skoðuð í þessu samhengi, þ.e. tengd mannréttindabaráttu hinsegin fólks og nýlegum lögum um kynrænt sjálfræði, birtist okkur ný mynd. Myndbirtingin varð ekki til í tómarúmi heldur á hún sér sitt ákveðna samhengi sem ekki er hægt að líta framhjá. Þeir aðilar innan þjóðkirkjunnar sem stóðu að myndbirtingunni voru með henni að taka afstöðu með réttindabaráttu hinsegin fólks, sérstaklega trans fólks. Með öðrum orðum, á sama tíma og löggjafarvaldið vann að styrkingu og innleiðingu nýju laganna um kynrænt sjálfræði stigu aðilar innan þjóðkirkjunnar fram og ítrekuðu stuðning sinn við það mál. Til að sýna þennan stuðning í verki var dregin upp mynd af samfélagi þar sem kærleikur og réttlæti ríkir en í slíku samfélagi þarf enginn að þola

¹⁹ Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019, *Alþingi*, sótt 28. september 2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019080.html>. Löginn voru samþykkt á Alþingi 6. júlí 2019 en tóku gildi þann 4. janúar 2020.

²⁰ Umsögn Trans Íslands vegna breytinga á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði, dagsett 27. ágúst 2020, samradsgatt.island.is, sótt 19. október 2020 af <file:///C:/Users/solanna/Downloads/Ums%C3%B6gn%20Trans%20%C3%8Dslands%20-%20Breytingar%20%C3%A1%20%C3%BDmsum%20%C3%B6gum%20vegna%20laga%20um%20kynr%C3%A6nt%20sj%C3%A1lf%C3%A6%C3%B0i.pdf>. Þar sem ég hef sett orð í hornklofa tel ég að ákveðin orð („breytingar“, „fagnar“ og „að því“) hafi óviljandi fallið burt.

mismunun, kúgun eða ofbeldi á grundvelli kyns, kynvitundar eða kyntjáningar. Kyn skiptir þar bara engu máli, eins og Pétur Markan komst að orði, í merkingunni að engum er mismunað á grundvelli slíkrar breytu. Með öðrum orðum, íslenska þjóðkirkjan, í þessu tilviki ákveðnar starfsmenn á fræðsludeild kirkjunnar, tóku undir með löggjafanum um að trans og intersex einstaklingar þurfi sérstaka vernd og viðurkenningu í samfélagi okkar. Það sem myndbirtingunni var ætlað að tjá skýrt var að kirkjan hefði undirgengist vitundarvakningu á kynjasviðinu. Kirkjan tæki undir gagnrýnina á gagnstæðukynjahyggjuna sem ríkt hefði um aldir og endurskoðaði fyrri hefðir og kenningar sem markast hefðu af hefðbundnu gagnstæðukynjakerfi. Hún væri tilbúin til að stíga ný skref í kynjamálum.

Guðfræðileg viðbrögð við trans Jesúmyndinni

Í lokahluta greinarinnar verða viðbrögð tveggja íslenskra guðfræðinga og fræðimanna við trans Jesúmyndinni tengd hinsegin samhenginu sem áður var rætt. Jafnframt verða þessi viðbrögð látin speglast í víðtækari kristinni samtímaorðræðu um kynjajafnrétti, samfélagsréttlæti og mikilvægi samhengis í þeim efnum.²¹ Viðbrögðin eru ekki valin af handahófi heldur er hér um að ræða tvær íslenskar fræðikonur á sviði samstæðilegrar guðfræði, dr. Sigríði Guðmarsdóttur og dr. Arnfríði Guðmundsdóttur, en báðar tóku þær virkan þátt í réttindabaráttu samkynhneigðra í upphafi aldarinnar og þekkja því vel málefni hinsegin fólks á Íslandi.

Ég byrja á að skoða viðbrögð Sigríðar Guðmarsdóttur sem hún birti á Facebook-síðu sinni 7. september 2020.²² Sigríður beinir sjónum að því hvernig myndlistarmenn hafa aldanna rás tjáð skilning sinn á Jesú, allt eftir tíðaranda og tilefni. Í einu slíku dæmi úr kristinni myndlistarsögu sést Jesús á kvenlegan hátt með brjóst. Þá nefnir hún dæmi um það sama úr Biblíunni og ritum kirkjuféðranna þar sem einkar kvenlegar myndir lýsa á stundum guðdómnum. Meðal þess sem hún nefnir í því samhengi er að Guði hafi verið líkt við hænu og birnu, auk móður.

Kjarninn í skrifum Sigríðar er síðan sá að ekki skuli blanda saman manningum Jesú sem fæddist og dó í líkama karlmanns og líkamsmynd hins upprisna Krists. Enginn viti með vissu hvernig hinn sagnfræðilegi, sögulegi Jesús hafi litið út í raun og veru og varhugavert sé að falla í þá freistni að halda að hinn hvíti, bláeygi sí karl (e. *cisgender*) sem allir kannast við í myndum evrópskrar og vestrænnar hefðar sé hin rétta mynd. Sigríður skrifar:

²¹ Mun fleiri guðfræðingar létu í ljós viðbrögð í fjölmiðlum og voru þau af ýmsum toga. Ætlunin hér er þó ekki að gera heildstæða úttekt á viðbrögðum guðfræðinga.

²² Sigríður Guðmarsdóttir, „Jesús kemur aftur“, *Fréttablaðið* 7. september 2020, sótt 25. september 2020 af:

https://www.frettabladid.is/skodun/jesus-kemur-aftur/?fbclid=IwAR0p_ktx5vQdW9AtAekytuO75QpJrRbkHnDMNUJS5ijs0Vaz9K_vuqg2nas.

Því má bæta við að túlkunin hér að ofan er langt því frá einsdæmi af hálfu Sigríðar um þetta málefni. Í messu á árinu 2013 sagði hún svipaða hluti en að auki nefndi hún gagnstæðukynjahyggjuna sem kirkjan þyrfti að takast á við: „Barátta hinsegin fólks og andspyrnusögur þeirra í fortíð og nútíð eru dýrmætær ... og við megum mála myndir af konunni Kristur á krossinum, hinum þeldökka Kristi og Kristi krossfestum í hjólastól. Í þessum skilningi er Jesús hommi, Jesús er kona, Jesús er lesbía, Jesús er transgender einstaklingur, Jesús er intersex, Jesús er transsexúal, heterósexúal, heterósexúal og pansexúal. Ef við ætlum að horfast í augu við gagnkynhneigðarhyggju heimsins og kirkjunnar þá þurfum við að lesa lífið stundum nédanfrá og utanfrá.“ Sigríður Guðmarsdóttir, „Jesús bæði hommi og lesbía“, *ruv.is*, 11. ágúst 2013, sótt 25. september 2020 af: <https://www.ruv.is/frett/jesus-baedi-hommi-og-lesbia>.

Samkvæmt játningunum er manneskjan, ekki aðeins karlinn, sköpuð í Guðs mynd og Jesús Kristur er bæði sannur guð og sannur maður. Þess vegna geta allir líkamar verið speglar sem skoða má Guðs ásjónu í, ungar, gamlar, skeggjaðar og skegglausar, með alls konar húðlit og þjóðernisbakgrunn, fólk með fötlun eða ekki, karlkyn, kvenkyn, trans, nonbinary og svo framvegis, með brún og blá augu, mæður og ekki mæður, fólk með misútstandandi geirvörtur. Hver kynslóð hefur dregið upp sinn Jesú í sinni mynd og málað hann inn í landslag og samhengi sem hún þekkir.²³

Í skrifum Sigríðar birtist hið þekktu holdtekjustef kristninnar þar sem ítrekað er að Jesús hafi verið hvort tveggja í senn, sannur Guð og sannur maður. Af því hefur kristin trúarhefð dregið þá ályktun að allt „hold“ sé mikils virði, þ.e. að allar manneskjur séu dýrmætar, en fullvissuna um það öðlist manneskjan ekki síst þegar hún speglar sig í líkama Jesú Krists. Sigríður telur upp fjölda þátta sem lýsa eiga breytum sem eru ólíkar milli einstaklinga. Ein slík breyta er einmitt reynslan af því að upplifa sig ekki af því kyni sem manni hefur verið úthlutað við fæðingu. Kynvitund einstaklings skiptir þó engu máli í réttlátu samfélagi í merkingunni: hún útilokar engan frá því að bera mynd Guðs og það er samkvæmt Sigríði einmitt kjarni málsins í trans Jesúmynd kirkjunnar. Kynvitund fólks, kyn og kyntjáning má aldrei verða mismununarbreyta, þáttur sem notaður er til að kúga fólk og mismuna því.

Seinni viðbrögðin koma frá dr. Arnfríði Guðmundsdóttur. Arnfríður segist fagna myndbirtingu þjóðkirkjunnar fyrir þær sakir að hún sé til þess fallin að varpa ljósi á „afstöðu kristinnar kirkju til þeirra einstaklinga í okkar samfélagi sem ekki skilgreina kyn sitt á hefðbundinn hátt, annaðhvort karlkyns eða kvenkyns“.²⁴ Arnfríður er gagnrýnin á hefðbundnar myndir af Jesú og bendir á að sögulega séð hafi þær yfirleitt litast mjög af vestrænum hugmyndum um útlit hans. Með öðrum orðum: mikilvægt sé að horfast í augu við sögulega og pólitíska misnotkun á ímynd Jesú, eins og hafi t.d. átt sér stað á tímum Hitlers þegar nasistar notuðu Kristsmyndir til að halda fram yfirburðum hins hreina, hvíta kynstofns fram yfir aðra.

Arnfríður beinir sjónum að kynferði Jesú sérstaklega og skrifar:

Eins er mikilvægt fyrir okkur sem játum kristna trú að gangast við því hvernig karlmennska Jesú hefur, líkt og vestrænt útlit hans á tímum nasismans, verið notuð til að sanna yfirburði eins hóps yfir annan. Þannig hefur karlmennska hins sögulega Jesú verið notuð til að neita konum um að gegna vígðri þjónustu innan kristinnar kirkju og er enn gert innan mjög stórra kirkjudeilda eins og Rómversk-kaþólsku kirkjunnar og Rétttrúnaðarkirkjunnar. Af því að Jesús var karl en ekki kona hefur verið ályktað að konur geti ekki gerst erindrekar í Krists stað og því þurfi karla til að gegna því mikilvæga hlutverki.²⁵

Samkvæmt skrifum dr. Arnfríðar er það ekki nýtilkomið að kynferði Jesú sé umdeilt umræðuefni innan kirkjunnar. Um það vitni sagan en víða um heim hafi konur verið útilokaðar frá þjónustu innan mikilvægra, kirkjulegra stofnana. Sums staðar hafi náðst niðurstaða um þau mál, annars staðar ekki. Dæmi um kirkju þar sem góður friður hefur ríkt um kynjamálin sé íslenska þjóðkirkjan en þar hafa konur verið vígðar til prestsþjónustu í hartnær fimmtíu ár (frá 1974). Svipað má segja um prestsvígslu samkynhneigðra, hún hefur heldur ekki orðið að meiriháttar vandamáli innan kirkjunnar. Að þessu sögðu varpar Arnfríður fram spurningunni hvort þjóðkirkjan hafi „tekið afstöðu með einstaklingum óháð kynvitund, kyngervi eða kynhneigð“ og tengir þá spurningu myndbirtingu þjóðkirkjunnar af trans Jesú. Hún svarar spurningu ekki beint en lýkur greininni með því að ítreka að „kristið fólk þurfi að gera

²³ Sigríður Guðmarsdóttir, „Jesús kemur aftur“.

²⁴ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Var Jesús með brjóst og farda?“ *Morgunblaðið* 24. september 2020, bls. 34.

²⁵ Sama stað.

það upp við sig hvort það sé mennskan eða karlmennskan sem skipta hér mestu máli.“ Niðurstaða hennar er því á margan hátt lík niðurstöðu Sigríðar og telur Arnfríður mikilvægt að skilja á milli hins sögulega Jesú og hins upprisna Krists og bætir svo við að myndbirtingu þjóðkirkjunnar af Jesú sem trans einstaklingi sé einmitt ætlað að benda á hinn upprisna Krist sem sé sannur Guð og sannur maður. Lokaorð greinar Arnfríðar eru þessi:

Með því að leggja áherslu á mennsku hins upprisna Krists í samræmi við hina klassísku formúlu um sannan Guð og sannan mann fáum við kærkomið tækifæri til að fagna fjölbreytileikanum, óháð kynvitund, kyngervi eða kynhneigð. Þannig umvefur hinn upprisni Kristur mennsku okkar allra, hvernig sem við skilgreinum kyn okkar. Það gefur okkur einnig frelsi til að spegla okkur í Jesú Kristi, sem á móti endurspeglar okkur, hvaða persónufornafn sem við kunnum að velja að nota um okkur sjálf.²⁶

Við blasir að Sigríður og Arnfríður fjalla ekkert um hversu heppileg eða miður heppileg myndbirtingin sem slík er fyrir kirkju og samfélag. Þær snúa sér beint að guðfræðilegri túlkun myndmálsins og benda á að mynd Jesú hafi verið dregin upp með mismunandi hætti í aldanna rás og litist af sögulegu samhengi sínu. Engin ein, rétt mynd sé því til af Jesú og þaðan af síður hinum upprisna Kristi. Myndsköpun kristinnar hefðar byggist á guðfræðilegri túlkun fremur en sagnfræðilegum áreiðanleika. Þetta staðfesti listasagan og túlkanir þekktra guðfræðinga með óyggjandi hætti. Með öðrum orðum, það er ekki guðfræðilega verjandi að blanda saman hinum sögulega Jesú og hinum upprisna Kristi á einfaldan hátt. Guðfræðileg greining á samhengi myndanna er alltaf nauðsynlegur þáttur í heildarmyndinni.

Síðari áherslan sem ég vel að lyfta fram hér er nátengd hinni fyrri og varðar persónu Jesú Krists. Hinn sögulegi Jesús var vissulega karlkyns. Um það efast enginn. Kynferði hans er þó ekki kjarni máls heldur hitt hver Jesús er og hvert erindi hans við heiminn hafi verið. Arnfríður staðnæmist við mennsku hins upprisna Krists og vísar til klassískrar, kristinnar formúlu um sannan Guð og sannan mann. Einnig talar hún um speglun hins guðlega og mannlega og hvernig hinn upprisni Kristur umvefji mennsku okkar allra, hvernig svo sem við veljum að skilgreina okkur út frá kyni, kynhneigð eða kynvitund. Sigríður tekur í svipaðan streng og leggur áherslu á virðinguna fyrir mannlegum líkömum og að líkamar allra geti verið speglar hins guðlega. Báðar tengja skrif sín þannig við klassíska, kristna kenningu um holdtekjuna þar sem því er haldið fram að sonur Guðs hafi tvenns konar eðli, mannlegt og guðlegt, sbr. þriðju grein Ágsborgarjátningarinnar þar sem segir:

Enn fremur kenna þeir: Orðið, þ.e. sonur Guðs, tók mannlegt eðli í móðurlífi sællar Maríu meyjar, svo að tvö eðli, guðlegt og mannlegt, eru óaðgreinanlega sameinuð í einni persónu. Kristur er einn, sannur Guð og sannur maður, fæddur af Maríu mey, sannlega þindur, krossfestur, dáinn og grafinn til þess að setta föðurinn við oss og til þess að vera fórn, ekki fyrir upprunasýndina eina, heldur og fyrir allar verknaðarsýndir manna.²⁷

Þetta merkir með öðrum orðum að orð Guðs hafi gerst hold hér á jörðu og að Jesús sé bæði sannur Guð og sannur maður. Einar Sigurbjörnsson segir um þessa grein í skrifum sínum að ekki megi aðskilja hin tvö eðli Krists, hið guðlega og mannlega: „Það er einn Kristur, Guð og maður, sem fæddist, lifði, dó og reis upp“.²⁸ Einar

²⁶ Sama stað.

²⁷ Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með inngangi og skjringum eftir dr. Einar Sigurbjörnsson*, Reykjavík: Bókautgáfan Salt, 1980, bls. 87.

²⁸ Sama stað.

bendir síðan á að afleiðingin af lífi, dauða og upprisu Jesú Krists sé sú að vonleysi mannsins sé úr sögunni en það sé vegna þess að Guð hafi „opinberað sig sem vin manns, bróður og hjálpara og opnað mannum líf í frjálsri þjónustu við sig“. Í þessu sé fólgin kjarni holdtekjuhugsunarinnar sem sé einstök hugsun í hinum fjölskrúðuga trúarheimi veraldarinnar. Einar útskýrir það nánar svo:

Í hinum ýmsu trúarbrögðum eru til hugmyndir um, að guðir hafi ýmiss konar samskipti við menn og komi m.a. fram í mannsmynd. Slíkar hugmyndir liggja ekki til grundvallar trúnni á holdtekju Guðs sonar. Guð sem holdi klæðist og verður maður í fullkomnum skilningi er skaparinn, orðið, sem allir hlutir eru orðnir til fyrir. Holdtekjan er því engin tilviljun, heldur í samræmi við það sem er innsti grunnur tilverunnar og stýrir henni.²⁹

Einar Sigurbjörnsson og auðvitað mun fleiri lúthersfræðingar gera mikið úr því hve trúir miðaldaguðfræðingar hafi verið túlkunum fornaldarguðfræðinga þegar þeir lýstu persónu Krists. Þannig segir Tuomo Mannermaa að Lúther hafi byggt útskýringu sína á því hvað holdtekja Krists merkir á orðum Páls postula í bréfi hans til Filippí-manna: „Hann var í Guðs mynd. En hann fór ekki með það sem feng sinn að vera Guði líkur. Hann svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur. Hann kom fram sem maður“ (Fil 2.6–7).³⁰

Hvað merkir þetta í hinsegin samhenginu sem hér er til umræðu? Hvað merkir það að sonur Guðs, Jesús Kristur, hafi orðið mönnum líkur og komið fram sem maður? Því leitast þær Arnfríður og Sigríður við að lýsa með orðfæri sem vísar til speglunar milli hins guðlega og hins mannlega. Samkvæmt þeim ber allt hið mannlega mynd Guðs sem aftur merkir að Guð elskar það. Þess vegna sé óhætt að segja að Jesús sé hommi eða lesbía, eins og Sigríður benti á í messu árið 2013. Svipaða hugsun má skynja hjá Tuomo Mannermaa, sem fyrr er nefndur, en samkvæmt túlkun hans kom Lúther með kröftuga framsetningu á merkingu þess að Jesús hafi verið sannur Guð og sannur maður. Lúther, staðhæfir Mannermaa, hafi í einu samhengi orðað það svo að Kristur væri í raun réttari stærsti syndarinn sem nokkru sinni hefði gengið um hér á jörðu en með því móti hafi hann einmitt verið að lýsa því hversu algerlega Kristur hefði sameinast mannlegum kjörum.³¹

Syndatúlkun af þessu tagi er ekki fjarri lagi þegar rætt er um málefni trans fólks og í raun mun fleiri sem falla undir hinsegin regnhlífina en ásakanir um syndugt líferni hafa í tímans rás verið hluti þess sem hinsegin fólk hefur þurft að þola. Kyn, kynvitund, kynhneigð og kyntjáning þessara hópa hefur verið tvinnuð saman og notuð til að fordæma og mismuna. Á þetta benti mannfræðingurinn Gayle Rubin á níunda áratug síðustu aldar og sagði einn megináhrifavaldinn sem viðhaldi brenni-merkingu og útskúfun hinsegin fólks vera hugmyndafræði gagnstæðukynjahyggjunnar.³² Víst er um það að íhaldsöm og kristin kynjaviðmið styðja hugmyndafræði gagnstæðukynjalíkansins og sækja til þess fóður í klassískar túlkanir á ákveðnum biblíu-textum sem fjalla um sköpun mannkyns þar sem talað er um tvenndina, karlkyn og kvenkyn. Um aldir hefur kristin siðfræði boðað blessun Guðs yfir samlíf þessarar tvenndar og vísað til fyrsta kafla *Fyrstu Mósebókar* því til stuðnings: „Og Guð skapaði

²⁹ Sama heimild, bls. 89.

³⁰ Tuomo Mannermaa, *Christ Present in Faith: Luther's View of Justification*, Minneapolis: Fortress Press, 2005, bls. 13, 15.

³¹ Sama heimild, bls. 13–15. Mannermaa vísar í eftirfarandi rit eftir Lúther þegar hann fjallar um þetta: [LW] 26, bls. 277 („Lectures on Galatians 1535“).

³² Gayle Rubin, „Thinking Sex: Notes for a Radical Theory of the Politics of Sexuality“, *Pleasure and Danger: Exploring Female Sexuality*, ritstj. Carole S. Vance, Boston, London, Melbourne og Henley: Routledge & Kegan Paul, 1984, bls. 267–319.

manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu. Guð blessaði þau. Og Guð sagði við þau: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina...“ (1Mós 27–28). Á grundvelli túlkunar þessa ritningartexta og fleiri hefur kristin guðfræði öldum saman lagt áherslu á hjónabandið og kynlífið sem andstæðudrifin og gagnkynhneigð fyrirbæri. Í ljósi þessarar hefðbundnu túlkunar hefur trans fólk ekki átt aðgang að hjónabandi og fjölskyldu og af því leiðir að allt kynferðislegt atferli þess hefur verið fordæmt að meira eða minna leyti, kallað synd og afbökun á hinum „náttúrulega“ og „réttu“ tilgangi kynlífs.

Guðfræðingarnir Arnfríður og Sigríður starfa innan lútherskrar túlkunarhefðar. Ekki ósvipað því og þegar Lúther talaði um Krist sem stærsta syndarann til að undirstrika raunverulega mennsku Krists, er það þeim ekki framandi að sjá Krist í líkama trans manneskju. Eða eins og Sigríður orðaði það í predikun í hinsegin messu árið 2013: „Jesús er hommi, Jesús er kona, Jesús er lesbía, Jesús er transgender einstaklingur, Jesús er intersex, Jesús er transsexúal, heterósexúal, asexúal og pan-sexúal.“³³ Sannarlega er þessi túlkun „hinsegin“ í merkingunni ‚óvenjuleg‘ en hún er ekki sérlega „ólúthersk“ því að eftir Lúther sjálfum er haft: „Ef þið kjósið að neita því að hann [Jesús] sé syndari og bölvun þá skuluð þið einnig neita því að hann hafi þjást, verið krossfestur og dáið.“³⁴ Á svipaðan hátt má einnig skilja orð Péturs Markan í viðtalinu sem nefnt var fyrst í greininni þar sem hann sagði: „Kannski var hann [Jesús] eftir allt saman „nonbinary“ trans Jesús eða kona“.

Ályktun mín, eftir að hafa skoðað skrif þeirra dr. Arnfríðar og dr. Sigríðar, er á þá lund að í þeim endurspeglis í fyrsta lagi þekkt kristin og lúthersk túlkunarsjónarmið varðandi persónu Jesú Krists og merkingu holdtekjunnar. Jafnframt ríma viðbrögð þeirra mjög við áherslur samhengisguðfræði (e. *contextual theology*) í samtíma okkar en hún er umfjöllunarefnið hér í lokin. Sú umfjöllun verður þó hvorki löng né ítarleg heldur má líta á hana sem hnitmiðaða úrvinnslu um trans Jesúmynd íslensku þjóðkirkjunnar haustið 2020.

Umræða og ályktanir

Það verður að teljast þekkt skoðun nú um stundir að kristin guðfræði sé ekki aðeins háð samhengi sínu heldur beri henni að vera það.³⁵ Gott dæmi um þetta er kúbanski frelsunarguðfræðingurinn Miguel A. De La Torre en hann hefur gagnrýnt kristna siðfræðinga fyrir að standa vörð um hagsmuni forréttindahópa í samfélaginu í stað þess að taka sér stöðu á jadrinum með þeim sem Jesús sagðist vera kominn til að leysa undan ánaud og þjáningu (Lúk 4.18).³⁶ Skylda alls kristins fólks, segir De La Torre, er að bera kennsl á hin valdalaus, kúguðu og forsmáðu og sýna þeim samstöðu í verki. Vilji guðfræðin vera sönn og trú upphafi sínu, beri henni að ögra og gagnrýna valdið og forréttindin og stuðla að réttlæti og kærleika. Þannig fylgi hún fordæmi Jesú, samanber orð hans í Matteusarguðspjalli: „Sannarlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér“ (25.40).³⁷

³³ Sigríður Guðmarsdóttir, „Jesús bæði hommi og lesbía“, *ruv.is*, 11. ágúst 2013, sótt 13. október 2020 af: <https://www.ruv.is/frett/jesus-baedi-hommi-og-lesbia>.

³⁴ Mannermaa, *Christ Present in Faith*, bls. 14.

³⁵ Sigurd Bergmann, *Gud i funktion: En orientering i den kontekstuelle teologin*, Stokkhólmi: Verbum, 1997, bls. 12.

³⁶ Miguel A. De La Torre, *Doing Christian Ethics From the Margins*, Maryknoll, New York: Orbis Books, 2014, bls. 10.

³⁷ Sama heimild, bls. 11–15.

Guðfræði De La Torre er gott dæmi um samhengisguðfræði. Samhengismedvitund guðfræði getur þó þýtt fleira en eitt. Hún getur merkt að þeir guðfræðingar sem hana stunda séu meðvitaðir um samhengið án þess að leyfa því að hafa nein áhrif. Hún getur líka merkt það að guðfræðingar vilji leyfa samhenginu að hafa áhrif á sig.³⁸ Gott dæmi um guðfræðing sem bjó yfir hvoru tveggja, vitund og vilja til að láta samhengið hafa áhrif á „ósæmilega“ guðfræði sína, er Marcella Althaus-Reid en hún fjallaði um skadleg áhrif gagnstæðukynjahugmyndafræði hefðbundinnar kristinnar guðfræði á veruleika hinsegin fólks, ekki síst trans fólks.³⁹ Viljinn til að leyfa veruleika hinsegin fólks að móta guðfræðina fór saman í hennar tilviki við framkvæmd en hún færði öflug rök fyrir aukinni virðingu, frelsi og sjálfræði trans fólks í því sem hún kallaði sjálf „ósæmilega“ guðfræði. Í ósæmilegri guðfræði sinni nálgaðist Althaus-Reid vandamálið frá sjónarhóli mannréttinda og manngildis og lagði ríka áherslu á siðfræðileg hugtök eins og mannlega reisn, öryggi, friðhelgi og sjálfræði.⁴⁰

Síðasta dæmið um samhengismedvitaðan guðfræðing hér er femínískri guðfræðingurinn Lisa Isherwood. Isherwood þekkir veruleika hinsegin fólks vel og skilgreinir hinsegin-hugtakið sjálf sem svo að það merki að vera í virkri andstöðu gegn þekkingu gagnstæðukynhyggjunnar.⁴¹ Grundvallarvandann sem við sé að eiga telur hún vera tvenndarhyggjuna sem vestræn heimspeki og guðfræði hafa þegið í arf.⁴² Tvenndarhyggjan hafi fitnað og dafnað eins og púkinn á fjósbitanum þegar hún gekk í eina sæng með platónskri frumspeki sem snemma öðlaðist mikið vægi innan kristinnar trúarhefðar. Hinn sanni veruleiki varð þar með handanveruleikinn en ekki heimurinn í öllum sínum ófullkomleika. Guði, sem sé án líkama, hafi verið fenginn bústaður í handanveruleikanum, órafjarri syndugum líkómum manna. Þannig segir hún að kristin guðfræði hafi í aldanna rás þróað neikvæða sýn á líkamann og hið ófullkomna líf manneskjunnar. Verkefni guðfræðinga nú um stundir sé að breyta þessu og leggja mun jákvæðari áherslu á bæði mannlíkamann og heiminn sem við lífum í hér og nú.⁴³

Fyrir þá sem til þekka innan samtímaguðfræði kemur fátt á óvart í því sem hér hefur verið sagt einkenna samhengisguðfræði og trúlegt er að flestir guðfræðingar nú um stundir myndu telja sig vera samhengisguðfræðinga í einhverri merkingu þess orðs. Það gæti átt við um guðfræðingana tvo sem hér komu til tals um trans Jesúsmynd þjóðkirkjunnar haustið 2020, þær Arnfríði og Sigríði. Viðbrögð beggja einkennast af meðvitund og vilja til þess að leyfa samhenginu að hafa áhrif á guðfræðilega túlkun á vandamálum samtímans.

³⁸ Mika Vähäkangas, *Context, Plurality, and Truth: Theology in World Christianities*, Eugene, Oregon: Pickwick Publications, 2020, bls. 80.

³⁹ Marcella Althaus-Reid, *Indecent Theology: Theological Perversions in Gender, Sex and Politics*, Abingdon, Oxon: Routledge, 2000.

⁴⁰ Marcella Althaus-Reid, *The Queer God*, London, New York: Routledge, 2003, bls. 114; sami höf., *From Feminist Theology to Indecent Theology*, London: SCM, 2004, bls. 63.

⁴¹ Marcella Althaus-Reid og Lisa Isherwood, „Thinking Theology and Queer Theory“, *Feminist Theology* 15:3/2007; Lisa Isherwood, „The Embodiment of Feminist Liberation Theology: The Spiraling of Incarnation“, *Feminist Theology* 12:2/2004; Lisa Isherwood, „Wanderings in the Cosmic Garden“, *Through Us, with Us, in Us: Relational Theologies in the Twenty-first Century*, ritstj. Lisa Isherwood og Elaine Bellchambers, London: SCM Press, 2010.

⁴² Femínískir heimspekingar hafa verið öflugar í þessari gagnrýni. Sú sem benti fyrst á tvenndarhyggjuna sem vandamál innan femínískrar heimspeki var líklega Elizabeth Spelman, sjá: Elizabeth V. Spelman, „Woman as Body: Ancient and Contemporary Views“, *Feminist Studies* 8:1/1982, bls. 109–131. Fyrstu femínísku guðfræðingarnir sem bentu á tvenndarhyggjuna sem vandamál innan guðfræði voru Mary Daly og Rosemary Radford Ruether, sjá Mary Daly, *Beyond God the Father*, Boston: Beacon Press, 1973; Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God-talk: Toward a Feminist Theology*, Boston: Beacon Press, 1983.

⁴³ Lisa Isherwood, „The Tree, the Cross and Global Capitalism“, *Feminist Theology* 28/2001.

Að lokum, í túlkun sinni á trans Jesúmyndinni haustið 2020 vinna dr. Sigríður Guðmarsdóttir og dr. Arnfríður Guðmundsdóttir bæði með klassíska, lútherska túlkun og samtíðarsamhengi. Þær eru meðvitaðar um kynjahyggju og gagnstæðu-kynjahyggju kristninnar og leitast við að andæfa þeim. Túlkun á merkingu holdtekju Jesú Krists og samlíðan með öllum manneskjum í veikri stöðu, óháð kynjabreytum, er meginmál í viðbrögðum beggja. Það birtist m.a. í því að þær eru næmar fyrir samhenginu sem býr að baki nýrri löggjöf hér á landi um kynrænt sjálfræði. Klassískur skilningur á holdtekjunni og hjálpræðisverki Guðs gerir að verkum að Arnfríður og Sigríður komast að svipaðri niðurstöðu: Guð gerðist maður hér á jörð. Við vinnum verk hans þegar við mætum náunga okkar í neyð og erfiðleikum af virðingu og samlíðan. Guð opinberar sig í þeim sem mest þurfa á okkur að halda. Það á við um alla, líka þá sem mismunað er vegna gagnstæðukynjafordóma í samfélaginu nú um stundir. Jesús er stærsti transinn!